

hlið *kv – nál*
[-ar, -ar]

– við sátum hlið við hlið

‡

höfuð *hk – hús B*
[-s, -]

– hún er alltaf með hatt á höfðinu

‡ höfuð » haus

bak *hk – hús Ö*
[-s, bökk]

– sitjið bein í baki!

‡

ganga *so sb-7 – falla*
[gekk, gengum, gengið]

– gangið ekki á grasinu!

‡ • ganga (no), gangstétt, gangur, algengur,
tilgangur « standa, sitja

snert-a *so vb-i – heyra*
[-i]

– snertið ekki!

‡

líkam-i *kk – tími*
[-a, -ar]

– hann er hraustur á líkama og sál

‡ • lík

rísa *so sb-1 – grípa*
[reis, risum, risið]

– áhorfendur risu úr sætum

‡ • reisa

andlit *hk – hús*
[-s, -]

– hún er með frítt andlit

‡ • and- (and-skoti); líta, litur, álit, tillit, útlit

nef *hk – hús*
[-s, -]

– andaðu í gegnum nefið!

‡

brjóst *hk – hús*
[-s, -]

– hún er með barnið á brjósti

‡

teyg-ja *so vb-i – heyra*
[-ði]

– hann teygði úr sér

‡

öxl *kv – mynd Ö*
[axlar, axlir]

– hún yppti öxlum

‡ öxl » herðar

vöðv-i *kk – tími*
[-a, -ar]

– ég styrki vöðvana

‡ vöðvi

læri *hk – hús*
[-s, -]

– það er lambalæri í matinn á
sunnudögum

‡ lær

mag-i *kk – tími*
[-a, -ar]

– mér er illt í maganum

‡

tá *kv*
[táar, tær]

– þær standa á tánum

‡